Nd. **119. Tillaga**

til þingsályktunar um rannsókn símaleiða og lagning símalínu um efri hluta Árnessýslu.

Frá Sigurði Sigurðssyni og Einari Arnórssyni.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að nú í sumar, eða svo fljótt, sem kostur er á, verði rannsökuð:

1. Hin fyrirhugaða símaleið frá Kiðjabergi í Grímsnesi, um Minni-Borg að Torfastöðum í Biskupstungum og þaðan austur í Hreppa.
   Jafnframt sje það rannsakað, hvort heppilegra muni eða kostnaðarminna að leggja símann upp í Hreppana frá Þjórsártúni upp Skeið eða hina leiðina — frá Torfastöðum — svo sem lögákveðið er.
2. Leiðin frá Minni-Borg og út í Grafning að Úlfljótsvatni, og hvað kosta muni að leggja síma þá leið.
3. Og að rannsókn lokinni verði byrjað á framkvæmdum verksins svo fljótt sem unt er.